

Ársfundur öryggishóps SKÝ 2012

SKÝ, Engjateigi 9, fimmtudaginn 15. febrúar 2012 kl. 16-16:50

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Svavar Ingi Hermannsson, formaður öryggishópsins var sjálfkjörinn fundarstjóri. Svavar Ingi lagði til að fundarritari yrði Hörður Helgi Helgason, í stjórn öryggishópsins og var hann einnig sjálfkjörinn.

2. Skýrsla formanns

Svavar Ingi kynnti ársskýrslu hópsins og gerði grein fyrir starfi hans á liðnu starfsári.

Fram kom að hópurinn hélt einn fund, „Hversu öruggir eru snjalsímar“, þann 25. janúar 2012, á Grand hóteli. Fundurinn var vel heppnaður og um 140 manns mættu.

3. Kjör formanns og sex stjórnarmanna

Svavar Ingi tilkynnti að hann gæfi ekki kost á sér og gerði tillögu um að Hörður Helgi Helgason yrði kjörinn formaður. Var hann sjálfkjörinn.

Úr stjórn gengu:

- Kristján Geir Arnþórsson, varaformaður, RB
- Þorvarður Kári Ólafsson, Þjóðskrá Íslands

Stjórn hópsins var sjálfkjörin:

- Stefán Snorri Stefánsson, PFS
- Elías Halldór Ágústsson, RHÍ
- Kristján Valur Jónsson, doktorsnemi við HR
- Sturla Þór Björnsson, Advania
- Bergsveinn Þórarinsson, Nýherja

4. Önnur mál

a. Ársfundur 2013

Ákveðið var að undirbúa tillögur að lagabreytingum fyrir næsta ársfund, m.a. þess efnis að ársfundir hópsins verði haldnir með aðalfundum SKÝ.

b. Upphafleg markmið með stofnun hópsins

Nokkur umræða spannst um eftirtalin af markmiðum með stofnun hópsins 10. október 2007:

- Varðandi bætt öryggi og öryggisvitund í fjarskipta- og upplýsingatækni var rætt um þann kost að halda opna stjórnarfundir. Þá benti Arnheiður Guðmundsdóttir,

framkvæmdastjóri SKÝ, á að örkyrningar hafi reynst vel í starfi annarra hópa og félagsins.

- Varðandi gott siðferði í tengslum við upplýsingaöryggi benti Arnheiður á að innan félagsins starfaði siðanefnd. Var rætt um að nálgast þann hóp um álitæfni sem snerta öryggismál og möguleika á að öryggishópurinn dragi upp ek. yfirlýsingu (manifesto) í þeim efnum.
- Varðandi notkun íslensku í umræðum um upplýsingaöryggismál greindi Arnheiður frá því að orðanefnd félagsins hygðist á næstunni kynna 300 ný orð um tæknimálefni.
- Varðandi samstarf með fulltrúa félagsins í fjarskiptaráði í tengslum við öryggismál var bent á að ráðið mun nú hafa verið lagt niður.

c. Þakkir til fráfarandi formanns og stjórnarmanna

Fráfarandi formanni og þeim sem gengu úr stjórn voru þökkuð góð störf í þágu hópsins og félagsins.

5. Fundi slitið kl. 16:50